

Nr. 164

12. febrúar 2010

## AUGLÝSING um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015, dreifbýli.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlagi nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. febrúar 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015 frá 8. desember 2003.

Breytingin tekur til alls lands sveitarfélagsins utan þéttbýlismarka aðalskipulags Grundarfjarðar 2003-2015 og felst í því að mörkuð er stefna varðandi landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í dreifbýli sveitarfélagsins, þ.e. á öllu svæðinu utan marka gildandi þéttbýlisuppráttar. Sveitarfélagsuppráttur frá 8. desember 2003 fellur jafnframt úr gildi en aðalskipulag heldur gildi sínu að öðru leyti.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 12. febrúar 2010.*

F. h. r.  
**Magnús Jóhannesson.**

*Logi Kjartansson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 26. febrúar 2010